

## Ályktun 46. þings BSRB um jöfnun launa og skakkt mat á virði kvennastarfa

Með undirritun samkomulags um lífeyrismál í september 2016 skuldbundu opinberir atvinnurekendur sig til að jafna launamun á milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins fyrir árið 2026. Eftir fimm ára nefndavinnu aðila samkomulagsins bólar ekkert á efndum, þrátt fyrir að heildarsamtök launafólks á opinberum vinnumarkaði hafi lagt fram málefnalegar tillögur að jöfnun launa milli markaða. 46. þing BSRB krefst þess að launagreiðendur taki verkefnið alvarlega, taki þátt í að finna leið til að efna samkomulagið og setji vinnu við jöfnun launa í forgang.

Um helmingur kvenna á íslenskum vinnumarkaði starfar í almannajónustu, flestar þeirra í kvennastéttum. Íslenskar og norrænar rannsóknir sýna að kynskiptur vinnumarkaður er ein helsta skýringin á kynbundnum launamun. Stjórnvöldum ber því skylda til að grípa til aðgerða til að leiðrétta laun kvennastétta til samræmis við raunverulegt virði þeirra og þeirrar verðmætasköpunar sem störfin skila fyrir samfélagið. Þannig má taka eitt stærsta skrefið í átt að launajafnrétti kynjanna. 46. þing BSRB krefst þess að stjórnvöld tryggi það fjármagn sem þarf til að þróa hratt og vel verkfæri, samningaleið og aukna fræðslu samkvæmt tillögum starfshóps um endurmat á störfum kvenna.

*Reykjavík, 25. mars 2022*